



Landssamtök
sauðfjάρbænda

Alþingi
Erindi nr. P 133/705
komudagur 5.1.2007

Landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingi
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. janúar 2007


Vísað er til bréfs dagsett 5. desember 2006 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um eldi og heilbrigði sláturdýra o.fl. 377. mál, gjaldtökuákvæði.

Landssamtök Sauðfjάρbænda vilja benda á að núverandi fyrirkomulag gjaldtöku hefur þann kost að það markar heilbrigðisefirlitinu fjárhagsramma sem það verður að halda sig við. Hættan við breytinguna samkvæmt frumvarpinu er sú að það slakni á aðhaldinu og kostnaður þenjist út.

Einnig telur Landssamtök Sauðfjάρbænda að c-liður frumvarpsins eigi ekki að vera kostaður af efirlitsgjaldi. Um er að ræða þjálfun starfsfólks og endurmenntun. Hér er of langt seilst til að koma eðlilegum rekstrarkostnaði hins opinbera yfir á sláturhúsin.

Rétt er að benda á að því hærrí álögur á sláturhús og því hærrí kostnaður við rekstur þeirra leiðir til hærrí verðs á afurðum út úr húsi og lægra verðs til bænda.

Virðingarfyllst,
f.h. Landssamtaka Sauðfjάρbænda


Björn Elíson